

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/154
komudagur. 17.11.2006

Alþingi, iðnaðarnefnd
Ingvar Þór Sigurðsson, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. nóvember 2006
Tilvísun: 2006110033/90.12
PI/BH
11.11.2006

Efni: Frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, 280. mál.


Með bréfi dags. 11. nóvember 2006 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreint málefni.

Um áráraðir hefur Vegagerðin átt samstarf við Vegtæknideild Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins (Rb) um ýmis rannsóknaverkefni og prófanir. Það hefur meðal annars leitt til að á Rb hefur verið settur upp sérhæfður búnaður til prófana, til dæmis til þríasaprófa, sérhæfðra prófana á malbiki og steinefnum til notkunar í vegagerð og fleira. Í ýmsum tilvikum hefur Vegagerðin veitt fjárfestning til uppsetningar þessa búnaðar og fyrir vikið hefur það verið stefnan að byggja ekki upp sérstaka rannsókarstöðu hjá Vegagerðinni, nema til almennra einfaldra prófana. En jafnframt hefur Vegagerðin látið gera töluvert af almennum prófunum á Rb. Vegna þess hefur byggst upp þekking og reynsla vegna prófana og rannsókna á Rb, sem Vegagerðin hefur nýtt sér í gegnum tíðina.

Vegagerðin telur að fyrirliggjandi frumvarp hafi ekki áhrif á ofangreint samstarf og gerir ráð fyrir að bráðabirgðaákvæði IV, um athugun á breyttu rekstrarfomi, breyti því ekki. Vegagerðin hefur átt fulltrúa í ráðgjafanefnd Rb og saknar þess að ekki skuli vera gert ráð fyrir því í frumvarpinu, samanber 6. gr.

Varðandi samlegðaráhrif við sameiningu stofnana sem hér um ræðir, er vafamál að það skili sér í vegtæknirannsóknnum. Miklu fremur má hugsa sér að samstarf og nábyli vegtæknirannsókna Rb, við háskóla hafi samlegðaráhrif.

Virðingarfyllst


Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri